

L Ö G

um kjördag við kosningar til Alþingis 1971.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Almennar kosningar til Alþingis 1971 skulu fara fram sunnudaginn 13. júní 1971.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. apríl 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Auður Auðuns.

Nr. 23.

7. apríl 1971.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 104 22. des. 1965, um aukatekjur ríkissjóðs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

23. gr. laganna orðist svo:

Fyrir að þinglýsa skjölum, sem eru eignarheimild fyrir eða leggja haft á fasteignir, skip eða lausafé, skal gjalda í hlutfalli við fjárhæð þá, er skjalið hljóðar um, eins og hér segir: Þegar fjárhæðin er 5000 kr. eða minni kr. 100 og síðan 5 krónur fyrir hvert þúsund eða brot úr þúsundi, sem umfram er. Af afsölum fyrir fasteignum skal gjaldið þó vera kr. 1.50 af þúsundi og broti af þúsundi umfram fyrstu 5000 kr. Sama gildir um skrásetningargjald fyrir kaupmála.

Fyrir þinglýsingu skjala með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar skal þó eigi greiða nema kr. 2.40 fyrir hvert þúsund umfram fyrstu 5000 kr.

Þegar fjárhæð sú, sem skjalið greinir um, er óákveðin og eigi er hægt að ákveða verðmætið, skal gjalda 200 kr. Þegar veð er sett fyrir skuldum, er síðar verða stofnaðar, skal ákveða gjaldið eftir hæstu fjárhæðinni, sem veðið á að gilda fyrir, og skal taka hana fram í skjalinu.

Nú er fjárhæðin ákveðin í öðru en peningum, og skal þá meta verðmætið til pengaverðs.

Nú er árlegt afgangsgjald áskilið um óákveðinn tíma, og skal þá gjalda sem fyrir 25 sinnum hærri fjárhæð. Sé ártal tiltekið, skal afgangsgjaldið talið saman fyrir öll árin, en þó skal aldrei gjalda af meiru en af afgangsdínu 25-földu.

Nú er eign seld af hendi, án þess að fyrir hana sé greitt andvirði eða henni makaskipt gegn annarri eign, og verður þá að tiltaka verð hennar í skjalinu eða rita það á skjalið, svo að ákveða megi eftir því þinglýsingargjaldið.